

9. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar, og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur tillögur um sýsluvegaáætlun samkvæmt 17. gr. vegalaga. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um útgjöld sýsluvegasjóðs, með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir, svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að lokum sýslufundi.

10. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár, að dómi sýslunefndar og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 100 þúsund krónum nema þyngri hegning liggir við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt 19. gr. vegalaga nr. 6 25. mars 1977, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 126 9. júní 1965 um sama efni, og samþykkt nr. 279 14. nóvember 1969 um breytingu á henni.

Samgönguráðuneytið, 26. nóvember 1979.

Magnús H. Magnússon.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga
á lyfjakostnaði nr. 289/1978.**

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhöggun svo sem hér greinir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt lyfjaverðskrá I og af innlendum sérlyfjum greiðir samlagsmaður fyrstu 750 krónurnar, en sjúkrasamlagið það sem á vantar á fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt lyfjaverðskrá II (erlend sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 2 000 krónurnar, en sjúkrasamlagið það sem á vantar á fullt verð.

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þau mörk er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, sbr. lög um breytingu í þeim lögum nr. 62 21. maí 1979 og nr. 95 31. desember 1975 og öðlast gildi 1. janúar 1980, jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 160/1979 um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 289/1978.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 6. desember 1979.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um hundahald í Skútustaðahreppi nr. 216/1978.

1. gr.

2. gr. c liður orðist svo:

Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, er hefur fullt vald yfir honum. Sveitarstjórn getur heimilað frávik frá þessari málsgrein varðandi þá hunda, sem voru hinn 1. nóvember 1979 í eigu einstaklinga búsettra í hreppnum.

Eigi er heimilt að hafa með sér hunda, þótt í taumi séu, inn í skólahús, almennar skrifstofur, samkomuhús, leikvelli eða verslanir, svo og starfsstöðvar hverju nafni sem nefnast, þar sem úrvinnsla, meðferð eða geymsla matvæla á sér stað.

2. gr.

Ofangreind samþykkt sveitarstjórnar Skútustaðahrepps staðfestist hér með skv. 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 5. desember 1979.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir afnotagjöld og auglýsingar Ríkisútvarpsins.

Afnotagjöld Ríkisútvarpsins fyrir síðari helming árs 1979 hafa verið ákveðin sem hér segir:

Afnotagjald hljóðvarpstækja	kr. 7 000.—
Afnotagjald svart/hvítra sjónvarpstækja	— 14 700.—
Afnotagjald litsjónvarpstækja	— 19 500.—